

## 19. fundur veitustjórnar haldinn föstudaginn 26. júní 2020 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Þröstur Jónsson varamaður Jóns Bjarnasonar, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Þröstur vill bóka að hann telji fundinn ólögumæt看 þar sem honum hafi ekki borist fundargögn. Meiri hluti veitustjórnar vísar í tölvupóst Jóns Bjarnasonar D-lista og óháðra dags. 23. júní s.l. þar sem fram kom að aðalmaður geti líklega ekki mætt á fundinn og varamaður hans Þröstur Jónsson geti ekki mætt. Til fundarins hafi því verið löglega boðað og verður honum því framhaldið. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

### 1. Drög að verklýsingu og verksamningi vegna borholu á Flúðum.

Á fundinn mæta þeir Ásgeir Margeirsson og Þór Gíslason, ráðgjafar og fóru yfir drög að nánari verklýsingu, samningsskilmálum og verksamningi vegna borholu á Flúðum sem þeir hafa útbúið. Meirihluti veitustjórnar samþykkir drög að verklýsingu, samningsskilmálum og verksamningi og verður verkið unnið á grunni fyrirliggjandi gagna. Bjarney og Þröstur sitja hjá við afgreiðslu málsins en telja að byrja hefði átt á því að fá ráðgjafana fyrir að verkinu.

### 2. Niðurstöður verðkönnunar.

Lagðar voru fram niðurstöður verðkönnunar í 6 1/2 tommu borholu 9 á Flúðum en tilboð liggja frammi frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða og Árna ehf. Ásgeir og Þór fóru yfir samanburð á niðurstöðum verðkönnunarinnar.

Til að alls hlutleysis sé gætt felur meirihluti veitustjórnar ráðgjöfunum Ásgeiri og Þór að meta niðurstöðu verðkönnunar með tilliti til ofangreindrar samþykktar verklýsingar, samningsskilmála og verksamning og skila í kjölfarið veitustjórn rökstuddu álit sínu um val á verktaka. Niðurstöðu skal skilað fyrir næsta fund veitustjórnar.

Bókun D-lista sjálfstæðismanna og óháðra. Við fulltrúar minnihluta í veitustjórn ofbýður háttsemi og verklag veitustjóra og meirihluta veitustjórnar. Upp kom sú staða í vetur að Hitaveitu Flúða vantaði heitt vatn, farið var í að meta stöðuna og finna lausnir. Nokkrir möguleikar skoðaðir og var unnið mest með tvær leiðir, annarsvegar að bora nýja holu og/eða vinna að auknu samstarfi með Hitaveitu Grafarhverfis. Á fundi veitustjórnar þann 11. maí sl. leggur veitustjóri fram tvö tilboð eftir verðfyrirspurn hans sem við í veitustjórn tökum mið af. Þau tilboð hljóða bæði upp á yfir 50 milljónir m. vsk og því um mjög vafasama verðkönnun að ræða enda útboðsskylt þegar um slíkar fjárhæðir er að ræða. Þarna hefði strax átt að vinna að útboði enda fyrirsjáanlegt að upphæðin væri of há miðað við viðmiðunarfjárhæðir, áður var búið að vinna kostnaðaráætlun af Hvata Verkfræðistofu sem hljóðaði upp á 90 milljónir. Samt sem áður ákveðum við í veitustjórn að fela veitustjóra að vinna áfram að verðkönnun enda vorum við upplýst af veitustjóra og sveitarstjóra að þetta samræmdist öllum viðmiðum og lögum, sem við teljum ekki rétt. Við í minnihlutanum biðjumst því afsökunar á að hafa samþykkt að fara í verðkönnun en ekki útboð. Á fundi þann 25. maí er ákveðið að fá formleg tilboð í borun sem við í minnihlutanum túlkuðum að væri eingöngu vegna formlegheita. Þessi formlega verðkönnun var ekki gerð eftir innkaupareglum

sveitarfélagsins en þar stendur: "Verðfyrirspurnir þurfa að vera skriflegar og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með tölvupósti. Fyrirspurnir skulu að lágmarki sendar til þriggja aðila. Málsmeðferð skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman." Verðfyrirspurnin fyrir þennan fund var ekki skrifleg og ekki var leitað tilboða hjá 3 aðilum.

Á fundi þann 3. júní sl. lágu fyrir 3 tilboð í borun, 2 tilboðanna voru eftir áður ákveðinni holu en eitt í minni holu, þarna kemur veitustjóri með nýtt verðtilboð í minni holu eftir verðfyrirspurn hans, óumbeðinn. Við í minnihluta veitustjórnar ákveðum að þarna sé ekki gætt jafnræðis enda eingöngu öðrum verktaka leyft að taka þátt í þeirri verðfyrirspurn. Ákvað þá veitustjórn að leita tilboðs í sambærilega holu hjá hinum verktakanum. Þarna viljum við í minnihlutanum biðjast afsökunar á að hafa samþykkt þetta enda lá fyrir verð í minni holuna frá öðrum verktakanum í opinberum gögnum. Það skal tekið fram að sá fundur var boðaður með litlum sem engum fyrirvara.

Meirihluti veitustjórnar harmar afstöðu minnihlutans og fulltrúa í sveitarstjórn og telur ofangreinda bókun á þessu stigi málsins alls ekki í samræmi við fyrri samþykktir og afgreiðslur málsins og vísar þar í fundargerðir vegna þess.

Jafnframt er sérstakt að varamaður í veitustjórn skuli gera athugasemdir við fyrri fundarboðun þegar aðalmaður hans, sem sat fundinn, bókaði ekkert um það.

Meirihluti veitustjórnar leggur sig fram við að vinna að heilindum fyrir Hitaveitu Flúða og hefur hagsmuni íbúa og sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Meirihluti veitustjórnar ber fullt traust til veitustjóra og harmar bókun minnihlutans í hans garð.

Næsti fundur veitustjórnar er ákveðinn miðvikudaginn 1. júlí nk. kl. 15:00 í ráðhúsinu og fundargögn vegna 2. liðar í fundargerð þessari verða lögð fram um leið og þau berast.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15:31.